

14. fundur Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn þriðjudaginn . 13. maí 2019 á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraði Lyngási 12.

Fundurinn hófst kl. 14:00.

Á fundinn eru mættir, Björn Ingimarsson, Steinar Ingi Þorsteinsson, Anna Alexandersdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Jón Þórðarson, Gauti Jóhannesson, Þorbjörg Sandholt, Bergþóra Birgisdóttir, Vilhjálmur Jónsson, Aðalheiður Borgþórsdóttir og Hildur Þórisdóttir. Þá einnig Róbert Ragnarsson og Páll Björgvin Guðmundsson ráðgjafar sem rituðu fundargerð.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögd fram fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir og telst fundargerðin samþykkt.

2. Framlög jöfnunarsjóðs

Pennan fundarlið sátu Guðni Geir Einarsson frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og Hermann Sæmundsson frá Samgöngu og Sveitarstjórnarráðuneytinu. Farið yfir drög að nýjum reglum Jöfnunarsjóðs Sveitarfélaga og hugsanleg áhrif á framlög til sveitarfélaganna vegna sameiningarinnar. Þá var farið yfir þá nálgun sem viðhöfð er og sú framtíðarsýn sem er í umræðunni varðandi framlög sjóðsins til sameiningarverkefna sveitarfélaga.

Aðrir gestir: Valgarður Hilmarsson, Stefanía Traustadóttir og Tinna Dahl Christiansen frá Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytinu

3. Uppbygging stjórnskipulags

Pennan fundarlið sátu Guðni Geir Einarsson frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Hermann Sæmundsson og Stefanía Traustadóttir frá Samgöngu og Sveitarstjórnarráðuneytinu. Róbert Ragnarsson fór yfir drög að samþykktum um stjórn og fundarsköp og tillögu að nýju stjórnskipulagi með fjórum heimastjórnnum. Farið yfir álitamál sem upp hafa komið s.s. er varðar kosningalög og framsal sveitarstjórna til nefnda og stjórna. Ráðuneytið mun nú fara yfir tillögur samstarfsnefndarinnar eins fljótt og kostur er.

Aðrir gestir: Valgarður Hilmarsson og Tinna Dahl Christiansen frá Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytinu.

4. Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Pennan fundarlið sátu Guðni Geir Einarsson frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Hermann Sæmundsson og Stefanía Traustadóttir frá Samgöngu og Sveitarstjórnarráðuneytinu. Farið yfir ýmiss mál sem snúa að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga s.s. er varðar samgöngumál, menntamálum, heilbrigðismál sem og önnur mál sem snúa að samskiptum og verkaskiptingu hjá ríki og sveitarfélögum. Mikilvægt er að samfélögin njóti fjármuna til að byggja upp menntun, samgöngur, rannsóknir og vísindi samfélögunum til eflingar..

Aðrir gestir: Valgarður Hilmarsson og Tinna Dahl Christiansen frá Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytinu.

5. Fjárfestingar og viðhald

Farið yfir drög að áætlanagerð er varðar fjárfestingar og viðhald til næstu ára. Sveitarfélögin munu nú fara yfir skjalið og koma með ábendingar og athugasemdir eins fljótt og kostur er.

6. Fjárhagur og áætlanir

Páll Björgvin fór yfir forsendur 10 ára fjárhags-og fjármálaáætlun fyrir sameinað sveitarfélag.

Þá fór Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri yfir drög að vinnuskjali sem sýnir fjárhags-og fjármálaáætlun sameinaðs sveitarfélags. Sveitarfélögin munu nú fara yfir skjalið og koma með ábendingar og athugasemdir eins fljótt og kostur er.

7. Tillögugerð

Róbert Ragnarsson fór yfir drög að tillögu um sameiningu sveitarfélaganna fjögurra.

8. Fundir samstarfsnefndar

Næsti fundur fer fram 27. maí á Egilsstöðum kl. 14-17.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 17.15.